

Verkefni 4	Upptakturinn – Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna á Norðurlandi eystra
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Sköpun:</b> Stuðla að tónsköpun ungs fólks og hvetja börn og unglings til að semja eigin tónlist.</li> <li>• <b>Skráning:</b> Aðstoða börn og unglings við að fullvinna hugmyndir sínar í vinnusmiðju og varðveisita þannig tónlistina.</li> <li>• <b>Flutningur:</b> Gefa börnum og unglungum tækifæri á að upplifa eigin tónlist í flutningi fagfólks við kjöraðstæður á tónleikum í Hofi.</li> </ul>
Stutt verkefnislýsing	<p>Með Upptaktinum, Tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna, er ungu fólk gefið tækifæri til að senda inn tónsmíð eða drög að henni og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með fulltingi listamanna. Afrakstur þeirrar vinnu má sjá og heyra á lokatónleikum Upptaktsins á opnunarhátið Barnamenningar í apríl 2020 í Hofi. Þar leika atvinnuhljóðfæraleikarar verk barnanna en ungmannin sitja á meðal áheyrenda.</p> <p>Upptakturinn - Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna varð til árið 2012 og hefur frá upphafi fengið frábærar viðtökur. Alls hafa verið send inn um 280 tónverk eftir um 210 ungmanni. Tólf til þrettán tónverk komast áfram í hvert sinn til frekari úrvinnslu.</p> <p>Verkefnið hefur einungis verið í boði fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu en nú gefst börnum og ungmennum á Norðurlandi eystra tækifæri til að taka þátt í verkefninu.</p> <p>Upptakturinn-Norðurland eystra er samstarfsverkefni MAK, RÚV og tónlistarskóla á Norðurlandi eystra og er opinn börnum og ungmennum á aldrinum 10-15 ára. Áhersla er lögð á að hvetja börn og unglings til að semja sína tónlist og styðja þau í fullvinnslu hugmyndar. Ungmannin sem komast áfram taka þátt í tónlistarsmiðju með fagfólk auk þess að vinna að tillögum að útsetningum verka undir leiðsögn Þorvaldar Bjarna.</p> <p><b>Reglur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Öllum börnum sem stunda nám í 5.-10. bekk á Norðurlandi eystra er boðið að taka þátt í Upptakinum og senda inn tónsmíð óháða tónlistarstíl.</li> <li>• Þeir sem komast áfram taka þátt í vinnustofu með fagfólk.</li> <li>• Lengd tónverks skal vera 2-6 mínútur að hámarki, bæði einleiks og samleiksverk fyrir allt að 5 flytjendur.</li> <li>• Skila þarf tónsmíð inn í hefðbundinni eða grafískri nótnaskrift eða með hljóðritun.</li> <li>• Hugmyndir s.s. upptökur, nótur, texti eða graffisk lýsing má senda rafrænt á netfangið tod@mak.is</li> </ul> <p><b>Dómnefnd:</b> Fagmenn sitja í dómnefnd og velja 12-13 verk úr innsendum hugmyndum.</p> <p><b>Tónsmiðja í Hofi 2.-12. mars 2020</b> Þau verk sem verða fyrir valinu verða fullunnin í vinnustofu með aðstoð tónskálda og fagfólks í tónlist. Vinnustofan fer fram í Hofi,</p>

	<p>dagna 2.-12. mars. Að því ferli loknu hafa orðið til ný tónverk.</p> <p><b>Tónleikar í Hofi 2019</b>  Í apríl 2020 verða tónverkin flutt á metnaðarfullri og glæsilegri tónleikadagskrá í Hofi en tónleikarnir verða hluti af opnunarhátíð Barnamenningar á Akueyri. Hljóðfæraleik og framkvæmd annast fagfólk í tónlist.</p> <p><b>Tónsköpunarverðlaunin</b>  Öll verkin sem flutt verða á tónleikunum hljóta tónsköpunarverðlaunin, Upptaktinn 2019.</p>
Framkvæmdaaðili	Mak –Menningarfélag Akureyrar
Samstarfsaðilar	Tónlistarskólar á Norðurlandi eystra
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið tengist framtíðarsýn og leiðarsljósi Norðurlands eystra sem kemur fram í menningarhluta Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2015-2019.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Auka samstarf við ríkisvaldið um eflingu barnamenningar á svæðinu.</li> <li>2. Auka möguleika íbúa svæðisins til að njóta fjölbreyttrar menningar: Með því að stuðla að aukinni þátttöku íbúa í menningarstarfi; bæði við að skapa og njóta. Þetta má gera m.a. með heimsóknum og kynningum listafólks í skólum, með fjölgun námskeiða, með eflingu tómstundarstarfs í menningu og listum, einkum fyrir börn og ungmenni.</li> <li>3. Styrkja Akureyri sem miðstöð menningar og lista: Í því felst að styðja við þær menningarstofnanir sem staðsettar eru á Akureyri og þjóna nágrannabyggðum.</li> <li>4. Koma upp verkefnum sem miða að því að efla listiðkun ungs fólks.</li> </ol>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mennig og listir fái aukið vægi í uppeldi og kennslu barna.</li> <li>• Verkefnið leiði til eflingar og sýnileika menningarlífss á svæðinu.</li> </ul>
Lokaafurð	Ný tónverk sem flutt verða á tónleikum og síðan varðveisst með upptökum.
Tímarammi	Verkefnið nær yfir skólaárið 2019 til 2020.
Áætlaður kostnaður	<p>Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 3 mkr.</p> <p>Stærstu kostnaðarliðirnir eru áætlaðir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynningarkostnaður: 200.000 kr.</li> <li>• Laun leiðbeinenda/kennara: 800.000 kr.</li> <li>• Laun dómnefndar: 200.000 kr.</li> <li>• Leiga á hljóðveri: 500.000 kr.</li> <li>• Laun upptökustjóra og hljóðmanns: 500.000 kr.</li> <li>• Laun hljóðfæraleikara: 600.000 kr.</li> </ul>

	• Leiga á sal í Hofi: 200.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2019	3.000.000.kr.